

Starfsreglur starfskjaranefndar Haga hf.

Starfskjaranefnd er undirnefnd stjórnar Haga hf. og starfar í samræmi við íslensk lög og reglur og góða stjórnarhætti. Starfskjaranefnd er skipuð í samræmi við starfsreglur stjórnar félagsins. Tilgangurinn með stofnun nefndarinnar er að bæta starfshætti stjórnarinnar og gera störf hennar markvissari.

1. gr. Skipan og nefndarmenn

Starfskjaranefnd er skipuð af stjórn Haga hf. Nefndin skal skipuð þremur stjórnarmönnum og skal hún einnig tilnefna formann nefndarinnar. Nefndin skal skipuð eigi síðar en mánuði eftir aðalfund félagsins. Meirihluti nefndarinnar skal vera óháður félaginu og daglegum stjórnendum þess. Nefndarmenn skulu hafa þekkingu og reynslu í samræmi við störf nefndarinnar. Nefndarmenn skulu vera óháðir endurskoðendum félagsins og a.m.k. einn nefndarmanna skal vera óháður stórum hluthöfum félagsins. Hvorki forstjóri félagsins né aðrir daglegir starfsmenn þess skulu eiga sæti í nefndinni. Í því skyni að fullnægja framangreindum skilyrðum hefur stjórn heimild til að kjósa aðra en stjórnarmenn til setu í nefndinni.

2. gr. Fundir

Starfskjaranefnd skal gera starfsáætlun um framkvæmd verkefna á árinu. Árlega skal hún halda að lágmarki tvo fundi. Aukafundi skal halda, þegar formaður telur þörf á. Forstjóri, stjórnarformaður og einstakir nefndarmenn geta óskað eftir því við formann nefndarinnar að halda aukafundi ef málefni koma upp sem gera það nauðsynlegt. Formaður boðar til funda með sannanlegum hætti. Hann stýrir fundum og er starfskjaranefnd ákvörðunarþær þegar meirihluti nefndarmanna sækir fund. Einfaldur meirihluti atkvæða ræður úrslitum um öll mál og fellur tillaga ef atkvæði eru jöfn. Heimilt er að halda fundi nefndarinnar með aðstoð rafrænna miðla, svo sem fjarfundabúnaðar. Telst fundur sóttur af þeim sem taka þátt í honum með aðstoð slíkra miðla. Nefndin skal halda skriflegar fundargerðir sem samþykktar eru af nefndarmönnum. Heimilt er að undirrita fundargerðir með rafrænni undirskrift, útbúinni með rafrænum skilríkjum. Fundargerðir skulu geymdar í fundargerðarbók eða með rafrænum hætti á miðlægu svæði starfskjaranefndar. Árlega skal starfskjaranefnd setja saman skýrslu um störf sín og kynna hana fyrir stjórn.

3. gr. Hlutverk og ábyrgðarsvið

Starfskjaranefnd skal undirbúa tillögu að starfskjarastefnu félagsins, tillögu til hluthafafundar um starfskjör stjórnarmanna og framkvæmd starfssamninga við forstjóra og aðra þá starfsmenn er heyra undir stjórn félagsins. Ákvörðunarvald skal þó ávallt vera í höndum stjórnar.

Hlutverk starfskjaranefndar er nánar tiltekið:

- a) að útbúa árlega drög að starfskjarastefnu félagsins og leggja fram sem tillögu fyrir stjórn.
- b) að hafa eftirlit með framfylgd starfskjarastefnunnar og útbúa skýrslu um framkvæmd hennar fyrir liðið starfsár og leggja fyrir stjórn til umfjöllunar og samþykktar.
- c) að gera tillögu til stjórnar um viðmið og ramma fyrir laun, hlunnindi og önnur starfskjör stjórnar, forstjóra og aðra þá starfsmenn er heyra beint undir stjórn félagsins og forstjóra.
- d) að hafa eftirlitshlutverk með þróun kjara- og mannauðsmála hjá félaginu, þá sérstaklega með tilliti til jafnlaunamála.
- e) reyna að tryggja að laun og önnur starfskjör séu í samræmi við lög, reglur og bestu framkvæmd hverju sinni.
- f) að meta áhættu sem starfskjaramál kunna að skapa fyrir félagið.

4. gr. Heimildir starfskjaranefndar og aðgengi að gögnum

Við framkvæmd starfa sinna er mikilvægt að nefndin hafi ótakmarkaðan aðgang að gögnum frá félaginu er varða störf hennar að því marki sem samræmist lögum og reglum félagsins. Nefndin getur einnig óskað eftir skýrslum og greinargerðum frá félaginu, gerist þess þörf. Þá hefur nefndin heimild til að afla faglegrar og óháðrar ráðgjafar, sem hún telur nauðsynlega til að sinna hlutverki sínu. Slíkt skal tilkynnt formanni stjórnar með formlegum hætti.

5. gr. Starfskjarastefna

Starfskjaranefnd útbýr starfskjarastefnu félagsins varðandi laun og önnur starfskjör stjórnar, forstjóra og annarra æðstu stjórnenda félagsins, samkvæmt ákvæðum laga. Nefndin ber starfskjarastefnu undir stjórn til samþykktar. Starfskjarastefnan er lögð fyrir aðalfund félagsins til endanlegrar samþykktar.

6. gr. Mat á störfum og starfsreglum

Nefndarmenn skulu árlega framkvæma mat á störfum sínum og starfsreglum þessum.

7. gr. Þagnar- og trúnaðarskylda

Nefndarmenn skulu gæta þagmælsku í hvívetna um málefni félagsins og önnur atriði, sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt samþykktum Haga hf., lögum eða eðli máls, nema um sé að ræða málefni, sem stjórnin ákveður að gera opinber. Þeir skulu varðveita öll gögn með tryggilegum hætti. Þagnar- og trúnaðarskylda helst þó látið sé af störfum.

Þannig samþykkt 15. apríl 2021

Stjórn Haga hf.